

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um áhrif veiða á erfðagerð þorsksins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Telur sjávarútvegsráðherra að vísbendingar séu um að veiðar á þorski hafi hugsanlega breytt erfðum stofnanna þannig að fiskur verði kynþroska fyrr en áður og vaxi hægar?
2. Ef svo er, hvaða áhrif gæti það haft á afrakstur stofnanna til frambúðar?